



FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA
Mörkin 6 • 108 Reykjavík • e-mail: leidsaga@tv.is
TELEPHONE: + 354 588 8670 • FAX: 588 9876
ICELAND TRAVEL GUIDES' ASSOCIATION
VERBAND ISLÄNDISCHER REISELEITER
Kennitala 510772-0249

Alþingi
Erindi nr. þ 123/1259
komudagur 3.3.'99

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 1999.

**U M S Ö G N um
528. mál, heildarlög.**

Félag leiðsögumanna hefur fjallað um "Frumvarp til laga um náttúruvernd" og gerir eftirfarandi athugasemdir við það:

1. Orðalag 1. gr. um markmið laganna, 1. mlsgr. þar sem sagt er að "Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft". Af augljósum ástæðum væri betra að tala um að lágmarka spillingu á lífi og landi, sjó, vatni eða andrúmslofti.
2. Orðalag eins og "lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt" er í algerri mótsögn við það dýrmæta uppgræðslustarf sem unnið hefur verið í landinu og var sérstaklega verðlaunað af þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1998.
3. Einnig er bent á klaufalegt orðalag í lok 1. gr. laganna, þar sem segir, að "Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og *stuðla að nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar*" en sjálfbær þróun er hvergi skilgreind nánar í lögnum.

Félag leiðsögumanna leggur til að þessi atriði verði orðuð þannig að ekki valdi mótsögn við náttúruverndarstarfið í landinu. Í starfi sínu hafa Íslenskir leiðsögumenn gjarnan forgöngu um að umferð manna lágmarki sem frekast er kostur eyðingu og átroðning lands og gróðurs.

4. Við lagagreinarnar 24 og 25 komi viðbættir sem árétti að um búsetu á landi sé að ræða. Nýting manna á berjum, sveppum og öðrum villtum matjurtargróðri, sem vex á eyðibýli án sérstakrar tilstuðlan jarðeigenda, ættu að flokkast undir sömu almannaréttarreglur og gilda á þjóðlendum og afrétti.

Félag leiðsögumanna leggur sérstaka áherslu á að um verði að ræða ákvæði sem kveða á um menntaða leiðsögn fyrir fólk sem leggur leið sína um sérstakar náttúruminjar og einstök menningarverðmæti. Vert er að taka mið af þeim reglum sem gilda um aðkomu

innlendra og erlendra ferðamanna að menningarverðmætum og náttúruminum amars staðar innan EES svæðisins, t.a.m. Colosseum, Versölum o.fl. slíka staði.

Félag leiðsögumanna fagnar sérstaklega ákvæðum laganna sem skylda umhverfisráðherra til að leggja fram náttúruverndaráætlun á 5 ára fresti. Félagið telur að þessi ráðstöfun muni efla almenna umræðu um náttúruvernd og umhverfismál og sem væntanlega gæti átt þátt í að flýta fyrir undirritun íslenskra stjórnvalda á Kyoto bókuninni.

Virðingarfyllst

Stjórn Félags leiðsögumanna



Borgþór S. Kjærnested
formaður